

Samkomulag um uppbyggingu stúdentagarða og stækkun vísindagarðareits á háskólasvæðinu

Með samningi um lóðir Háskóla Íslands frá 1. september 2014 milli Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og ríkissjóðs, eru m.a. ákvarðað um afmörkun og nýtingu lóða á háskólasvæðinu og að Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands hafi samráð um þá uppbyggingu. Unnið hefur verið að framtíðarskipulagi háskólasvæðisins og liggur fyrir tillaga að rammaskipulagi þess.

Af þessu tilefni gera Háskóli Íslands, kt. 600169-2039, Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf., kt. 420104-2350, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 og Reykjavíkurborg – eignasjóður, kt. 570480-0149, með sér svofellt

s a m k o m u l a g

um að tilteknum lóðum á háskólasvæðinu verði ráðstafað til Félagsstofnunar stúdenta, kt. 540169-6249, í samræmi við viljayfirlýsingu frá 22. desember 2014 um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis fyrir stúdentu, um breytingar á nýtingu Vísindagarðareits og ráðstöfun og uppbyggingu lóðarinnar Eggertsgata 35.

1. gr.

Háskóli Íslands, Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf. og Reykjavíkurborg samþykkja hér með að eftirtaldir reitir á háskólasvæðinu verði nýttir til byggingar stúdentagarða:

- Lóð á Vísindagarðareit á horni Sæmundargötu og Eggertsgötu, merkt G á fyrirliggjandi hugmynd að nýju deiliskipulagi fyrir Vísindagarðareit, sbr. fylgiskjal nr. 1. Áætluð stærð lóðar þessarar fyrir stúdentaiðbúðir er um 5.700m².
- Lóðarluti af Aðalbyggingarreit háskólasvæðis sunnan við Gamla Garð, merktur nr. 12 í rammaskipulagstillögu fyrir Háskólasvæðið.

Á lóð G er gert ráð fyrir að rísi um 10.100m² hús, sem rúmi um 200–230 stúdentaiðbúðir/einingar og á lóðarluta sunnan við Gamla Garð rísi um 1000–1500 m² bygging fyrir um 40–60 stúdentaeiningar. Endanleg stærð ræðst af niðurstöðu samþykks deiliskipulags. Staðsetning fyrirhugaðra byggingarreita er sýnd á fylgiskjali nr. 2.

2. gr.

Samningsaðilar munu áfram vinna sameiginlega að því að afmarka aðra byggingarreiti á háskólasvæðinu fyrir stúdentaiðbúðir til viðbótar þeim sem taldir eru upp í 1. gr., samtals fyrir allt að 400 íbúðir. Til skoðunar er m.a. að Nýja Garði verði aftur breytt í herbergi fyrir stúdentu og einnig að byggðar verði stúdentaiðbúðir austan við húsið, húsnæði og/eða lóð Raunvísindastofnunar við Dunhaga verði í framtíðinni nýtt fyrir stúdentagarða og einnig er lóð á horni Suðurgötu og Hringbrautar til skoðunar. Stúdentaiðbúðir á þessum stöðum eru háðar því að Háskóli Íslands geti komið starfsemi sem þar er fyrir á nýjum stað. Þessir byggingarreitir eru einnig sýndir á fylgiskjali nr. 2. Reykjavíkurborg lýsir sig fylgjandi þessum hugmyndum.

Aðilar eru ásáttir um að ef til þess komi að svokallaður Fluggarðareitur austan Njarðargötu verði skipulagður fyrir Háskóla Íslands, sbr. gr. 1.9. í samningi um lóðir Háskóla Íslands dags. 1. september 2014, verði hluti reitsins nýttur fyrir stúdentagarða.

3. gr.

Reykjavíkurborg, í samstarfi við Háskóla Íslands, mun hlutast til um endurskoðun á gildandi deiliskipulagi fyrir umrædda reiti á grundvelli fyrirbyggjandi rammaskipulagstillögu fyrir háskólasvæðið. Áformað er að Vísindagarðareitur verði stækkaður þannig að lóðirnar Eggertsgata 35 og Sturlugata 8 verði hluti af reitnum. Fyrirbyggjandi hugmynd að breyttu deiliskipulagi Vísindagarðareits er á fylgiskjali nr. 1. Kostnaður við endurskoðun deiliskipulagsins skiptist jafnt milli Reykjavíkurborgar og Vísindagarða Háskóla Íslands ehf.

4. gr.

Þegar nýjar deiliskipulagsáætlanir hafa verið staðfestar fyrir lóðir þær, sem taldar eru upp í 1. og 2. gr., mun Reykjavíkurborg úthluta lóðunum til Félagsstofnunar stúdenta til byggingar stúdentabúða í samræmi við ákvæði framangreinds samnings um lóðir á háskólasvæðinu frá 1. september 2014 og efni viljayfirlýsingar um uppbyggingu stúdentabúða dags. 22. desember 2014.

5. gr.

Á lóð G (Sæmundargata nr. 23) á Vísindagarðareit er áformað að rísi stúdentabúðir, sbr. 1. gr., en hluti 1. hæðar verður þó á forræði Vísindagarða.

Vegna þessarar breyttu nýtingar á hluta Vísindagarðareits mun Reykjavíkurborg ráðstafa lóðinni nr. 35 við Eggertsgötu, (hverfastöð Reykjavíkurborgar), landnr. 106678, um 6.300m² að stærð, til Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. Í kjölfar fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi svæðisins verður lóð þessi skilgreind sem hluti af Vísindagarðareit, sbr. 3. gr. samkomulags þessa. Lóðin skal nýtt í samræmi við ákvæði um „úthlutun lóða og uppbyggingu“ samkvæmt samkomulagi Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands um lóðir fyrir Vísindagarða Háskóla Íslands dags. 17. september 2013. Lóðinni skal úthlutað til félags sem uppfyllir ákvæði samkomulagsins. Forræði á ráðstöfun lóðarinnar er hjá Vísindagörðum Háskóla Íslands ehf.

Af hálfu Reykjavíkurborgar eru uppi áform um flutning hverfastöðvarinnar. Verði ekki af þeim flutningum áður en kemur til sölu byggingarréttar á lóðinni hefur Reykjavíkurborg tólf mánaða svigrúm til flutnings hverfastöðvarinnar.

Greiðsla væntanlegs lóðarhafa fyrir byggingarréttinn skal skiptast til helminga á milli Reykjavíkurborgar og Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. Gatnagerðargjald samkvæmt gjaldskrá rennur til Reykjavíkurborgar.

Verði heimilað meira byggingarmagn á reitnum í nýju deiliskipulagi fyrir Vísindagarðareit en miðað er við í gildandi deiliskipulagi, skulu Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf. fá þennan byggingarrétt til ráðstöfunar án endurgjalds.

Þegar nýtt deiliskipulag fyrir Vísindagarðareit og lóðirnar Eggertsgötu 35 og Sturlugötu 8 hefur verið staðfest munu Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg útbúa viðauka við samkomulag aðila dags. 17. september 2013 vegna framangreindra breytinga og stækkunar á Vísindagarðareit, en þar mun koma fram að Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf. muni áfram bera hluta stofnkostnaðar við gerð gatna, gangstíga og hjólreiðastíga, sbr. kafla um framkvæmdir í samkomulaginu frá 17.

september 2013, en Reykjavíkurborg muni annast um og bera kostnað af rekstri þessara svæða eins og við á um borgargötur.

Samkomulag þetta var samþykkt á fundi háskólaráðs 4. febrúar 2016, á fundi stjórnar Vísindagarða Háskóla Íslands 17. febrúar 2016 og á fundi borgarráðs 18. febrúar 2016.


Reykjavík 2. mars 2016

F.h. Reykjavíkurborgar og
Reykjavíkurborgar – eignarsjóðs




Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

F.h. Háskóla Íslands




Jón Atli Benediktsson rektor


F.h. Vísindagarða Háskóla Íslands ehf.



Eiríkur Hilmarsson framkvæmdastjóri

Vitundarvottar:





Deiliskipulagshugmynd í vinnslu

Handwritten signature and initials, including 'TAB' and a stylized signature.

